

Nefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til laga um breytingar á tollalögum, nr. 88/2005, lögum um vörugjald, nr. 97/1987, lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, og lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989, með síðari breytingum (sektir, greiðslufrestur í tolli, sykurskattur og skilagjald vegna einnota drykkjarumbúða).

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin ákvað að taka málið til frekari umfjöllunar eftir að því var vísað til 3. umræðu. Nefndin leggur til breytingartillögu við frumvarpið. Lagt er til að bætt verði við frumvarpið nýjum kafla með einu ákvæði. Ákvæðið fjallar um heimildir til lækkunar á vörugjaldi af ökutækjum samkvæmt undanþáguflokki 2. tölul. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 29/1993, en undir þann flokk falla bifreiðar sem ætlaðar eru til útleigu hjá bílaleigum. Í ákvæðinu segir að lækkun á vörugjaldi samkvæmt framangreindum undanþáguflokki geti ekki numið hærri fjárhæð en 750.000 kr. Fyrir liggur að útsöluverð bifreiða hefur hækkað nokkuð á þessu ári og afslátturinn því rýrnað að raungildi. Því eru talin standa rök til þess að hækka hámark afsláttarins úr 750.000 kr. í 1.000.000 kr.

Willum Þór Þórsson ritar undir álitinu í samræmi við 4. mgr. 18. gr. starfsreglna fastanefnda.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

- Á eftir IV. kafla komi nýr kafla, V. kafla, **Breyting á lögum um vörugjöld af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993**, með einni nýrri grein, 8. gr., svohljóðandi:
Í stað fjárhæðarinnar „750.000 kr.“ í 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: 1.000.000 kr.
- Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, lögum um vörugjald, nr. 97/1987, lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989, og lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, með síðari breytingum (sektir, greiðslufrestur í tolli, sykurskattur og skilagjald vegna einnota drykkjarumbúða, vörugjald af bílum til útleigu o.fl.).

Alþingi, 19. desember 2013.

Frosti Sigurjónsson,
form.

Pétur H. Blöndal.

Willum Þór Þórsson,
frsm.

Líneik Anna Sævarsdóttir.

Ragnheiður Ríkhardsdóttir.

Árni Páll Árnason,
með fyrirvara.

Steingrímur J. Sigfússon.

Brynjar Níelsson.

Guðmundur Steingrímsson,
með fyrirvara.

